

## Fundargjörð.

5. stjórnarfundur LH. (símafundur) haldinn 13. apríl 1995.

Allir aðalmenn mættir auk framkvæmdastjóra LH.

Formaður LH. Guðmundur Jónsson setti fundinn og stjórnaði honum. Halldór Gunnarsson ritaði fundargjörð.

### 1. Mál.

#### Skýrsla Skipuritsnefndar.

Stjórnarmenn höfðu fengið senda skýrslu Skipuritsnefndar í pósti nokkrum dögum fyrir fundinn (Jón þó ekki fyrr en í dag). Eins og kunnugt er samþykkti 45. ársþing LH. 1994 að Skipuritsnefnd skyldi halda áfram störfum og vinna áfangaskýrslu þá sem lögð var fyrir þingið þannig, að hún yrði aðgengilegri fyrir félagsmenn og um leið auðveldara fyrir þá að mynda sér skoðun á sameiningarmálinu.

Formaður kynnti stjórnarmönnum í stuttu máli skýrsluna, en gaf síðan Guðbrandi varaformanni LH. orðið, en hann er einn af skýrsluhöfundum.

Guðbrandur fjallaði í stuttu máli um skýrsluna. Hann vakti m.a. athygli á uppsetningu hennar, en auðvelt er að bera saman uppbyggingu og starfsemi beggja samtakanna í skýrslunni.

Í máli Guðbrands kom fram að seinkun á útkomu skýrslunnar hefði orðið vegna seínagangs hjá HIS. LH. hluti skýrslunnar var tilbúinn í janúar sl.

Vegna fyrirhugaðs formannafundar nú á útmánuðum var þessi seinkun afar óheppileg.

Allir stjórnarmenn tóku þátt í umræðum um skýrsluna. Fram kom að skýrslan væri vel upp sett með tilliti til samanburðar. Þá væri hér um að ræða ágata gagnasöfnun sem auðveldaði ferkari umræður um málið þ.e. hugsanlega sameiningu LH. og HIS.

Fram kom gagnryni á að Skipuritsnefndin skyldi ekki setja fram kosti þess og galla að sameina samtökin, þ.e.a.s. að draga saman helstu niðurstöður hvað það varðar. Slíkt hefði auðveldað áframhaldandi umfjöllun hvað hugsanlega sameiningu varðar.

Fram kom í þessum umræðum að verið er að taka saman helstu niðurstöður úr ársreiðningum beggja samtakanna síðustu 2-3 árin sem viðbótar upplýsingar. Þessum upplýsingum verður dreift á fyrirhuguðum formannafundi.

Í umræðum kom fram að tímabært sé að stjórn LH. setji fram sína skoðun í sameiningarmálinu. Tjáðu stjórnarmenn sína persónulegu skoðun nokkuð hvað varðar sameiningu að beiðni formanns.

Akveðið var að freista þess á stjórnarfundum 4. maí. n.k. að stjórnin mæti stofnu sína í málinu.

Formannafundurinn var ákveðinn 5. maí n.k. Gert hafði verið ráð fyrir að halda hann viku fyrir, en vegna seinkunar á útkomu Skipuritsskýrslunnar þótti rétt að gefa meiri tíma til umfjöllunar um hana heima í félögunum.

Framkvæmdastjóra var falið að koma Skipuritsskýrslunni ásamt fundarboði um formannafundinn í póst til formanna félaganna fyrir páska. Framkvæmdastjóri las uppkast að bréfi sem hann hafði ritað hvað þetta mál varðaði.

Nokkur umræða varð um fyrirkomulag formannafundarins. M.a. var rétt um að hluti fundartímans yrði notaður til umræða í hópum.

## 2. Mál.

### Fjölgun landsmóta.

Umræður urðu um fjölgun landsmóta. 45 ársþing LH. 1994 samþykkti að beina því til stjórnar LH. að fram fari skoðun á mótahaldi innan LH. m.a. með fjölda landsmóta í huga. A formannafundinum er gert ráð fyrir að ræða einnig hugsanlega fjölgun landsmóta.

Mótanefnd LH. er að afla upplýsinga hjá hestamannafélögunum um afstöðu þeirra til fjölgunar landsmóta.

Aukin tíðni landsmóta hefur vafalítið áhrif á allt mótahaldið þ.m.t. fjórðungsmótin í núverandi mynd.

Formaður mótanefndar LH. Sigbjörn Björnsson gerir ráð fyrir að koma með upplýsingar úr fyrirnefndri skoðanakönnun á stjórnarfundinn 4. maí n.k.

Fleira ekki fært til bókar.

#### Mættir:

Guðmundur Jónsson	(sign)
Guðbrandur Kjartansson	(sign)
Halldór Gunnarsson	(sign)
Sigfús Guðmundsson	(sign)
Kristmundur Halldórsson	(sign)
Jón Bergsson	(sign)
Sigbjörn Björnsson	(sign)